



Landmælingar Íslands

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárheimildir og rekstur	5
	3.1 Fjárheimildir	5
	3.2 Rekstraráætlun.....	5
	3.3 Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
	4.1 Inngangur	6
	4.2 Umfjöllun	6
	4.3 Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
	5.1 Lög og reglugerðir	7
	5.1.1 Ferðakostnaður.....	7
	5.1.2 Risna.....	7
	5.1.3 Opinber innkaup	7
	5.1.4 Innkaupakort.....	7
	5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti	7
	5.1.6 Styrkir.....	7
	5.1.7 Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur.....	7
	5.2 Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun efnahagsliða	8
	6.1 Eignir	8
	6.1.1 Skammtímakröfur	8
	6.1.2 Handbært fé.....	8
	6.2 Eigið fé og skuldir	8
	6.2.1 Höfuðstóll	8
	6.2.2 Annað eigið fé	8
	6.2.3 Ríkissjóður.....	9
	6.2.4 Viðskiptaskuldir.....	9
	6.3 Niðurstaða.....	9
7	Önnur atriði	10
	7.1 Samþykkt ársreiknings	10
	7.2 Staðfestingarbréf stjórnenda	10
	7.3 Lögfræðibréf	10
	7.4 Óhæðisyfirlýsing.....	10
	7.5 Umfang endurskoðunar	10

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Landmælinga Íslands fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn, sem er skýrsla í fjárhagskerfi ríkisins (Orra), er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Stofnunin veitti greinargóðar upplýsingar um öll þau atriði er spurt var um.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem það á við.

Litið er á endurskoðun hjá Landmælingum Íslands sem nýtt verkefni þar sem ársreikningur stofnunarinnar var síðast tekinn til skoðunar vegna ársins 2012.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Landmælinga Íslands fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda og ekki verður annað séð en að stofnunin leggi metnað sinn í að fylgja þeim lögum og reglugerðum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald. Helstu niðurstöður og ábendingar Ríkisendurskoðunar eru eftirfarandi:

Fjárheimildir og rekstur

Uppsöfnuð rekstrarniðurstaða Landmælinga Íslands er jákvæð um 1,1 m.kr. í árslok 2016. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og frávikagreining yfirfarin reglulega.

Innra eftirlit

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Landmælinum Íslands varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekki er annað að sjá en að ferlið sé skilvirkt og að því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni sé fylgt.

Fylgni við lög og reglur

Ekki verður séð annað en að Landmælingar Íslands fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

Þó bendir Ríkisendurskoðun á að gæta þarf að endurgreiðslu til ríkissjóðs ef handbært fé safnast upp á bankareikningi stofnunarinnar.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum fyrir árið 2016 nam 307,0 m.kr. og urðu það endanlegar fjárheimildir á árinu. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 311,8 m.kr. og varð því 4,1 m.kr. tekjuhalli á árinu 2016 eða 1,3% umfram fjárheimildir ársins samanborið við 5,1 m.kr. tekjuhalla árið áður. Rekstrargjöld umfram sértekjur hækkuðu milli ára um 24,6 m.kr. eða 8,6%. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 og rekstri árið 2015:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Ríkistekjur	-3.000	-3.000	0	-3.000	0
Sértekjur	-3.000	-3.000	-22.419	19.419	-25.034
Launagjöld	227.600	227.600	235.397	-7.797	209.366
Önnur rekstrargjöld	80.000	80.000	92.429	-12.429	99.267
Eignakaup	6.100	6.100	6.353	-253	3.539
Samtals	307.700	307.700	311.760	-4.060	287.138

Sértekjur voru 19,4 m.kr. umfram fjárheimildir, launagjöld voru 7,8 m.kr. umfram fjárheimildir og önnur rekstrargjöld voru 12,4 m.kr. umfram heimildir sem skýrist að mestu af verkefnum, sem fjármögnuð voru með sértekjum.

Helstu breytingar á milli ára eru 2,6 m.kr. lækkun á tekjum, 26,0 m.kr. hækkun launagjalda, 6,8 m.kr. lækkun annarra rekstrargjalda og 2,8 m.kr. hækkun eignakaupa eða samtals 24,6 m.kr. Fjárheimildir hækkuðu einnig frá fyrra ári eða um 25,7 m.kr.

Tekjuhalli ársins 2016 rúmast innan uppsafnaðs tekjuafgangs fyrri ára sem var 5,2 m.kr. í ársbyrjun og er jákvæður um 1,1 m.kr. í árslok 2016.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og að hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort tekjur og gjöld séu í samræmi við áætlun.

Rekstraráætlun Landmælinga Íslands fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra) og var í samræmi við fjárheimildir að því leyti að gert var ráð fyrir 0,5 m.kr. tekjuhalla sem rúmast innan uppsafnaðs tekjuafgangs frá fyrri árum. Höfuðstóll í byrjun árs var jákvæður um 5,2 m.kr.

Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er mánaðarlega farið yfir frávik frá rekstraráætlun. Frávik í árslok nam 3,6 m.kr. sem er um 1,2% af fjárheimildum ársins.

3.3 Niðurstaða

Uppsöfnuð rekstrarniðurstaða Landmælinga Íslands er jákvæð um 1,1 m.kr. í árslok 2016. Rekstraráætlanir eru skráðar í Orra og frávikagreining yfirfarin reglulega.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður Landmælinga Íslands ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og að fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfi stofnunarinnar reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina og stefnuskjöl svo sem innkaupastefna. Skriflegar reglur eru til staðar í gæðahandbók stofnunarinnar um ýmsa þætti innra eftirlits varðandi fjármál, bókhald og mannauð. Ábyrgð og umsjón með bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreind og afmörkuð og er m.a. skjöluð í starfslýsingum og í gæðahandbók. Ákveðinn veikleiki er þó á aðgreiningu starfa í fjarveru lykilstarfsmanna svo sem vegna sumarleyfa, en gerðar hafa verið ráðstafanir til að mæta þeim veikleika.

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orri) er notað fyrir vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Stofnunin nýtir einnig viðeigandi kerfishluta Orra eins og fyrir viðskiptakröfur (AR), viðskiptaskuldir (AP), eignaskráningu (FA) og Vinnustund fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna.

4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Landmælinum Íslands varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekki er annað að sjá en að ferlið sé skilvirkt og að metnaður sé lagður í að fylgja því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Lög og reglugerðir

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárheimildir og rekstraráætlun er fjallað í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi.

5.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir. Reikningarnir uppfylltu almenn formskilyrði og tilefni risnu kemur fram.

5.1.3 Opinber innkaup

Verklagsreglur Landmælinga Íslands við innkaup eru skráðar í innkaupastefnu stofnunarinnar. Samkvæmt þeim reglum ber að nota rammamælingu ríkisins við innkaup þar sem þeir eru fyrir hendi og aðstæður leyfa. Einnig er það markmið í innkaupastefnu Landmælinga Íslands að velja umhverfisvænar vörur sem styðja við umhverfisstefnu stofnunarinnar.

5.1.4 Innkaupakort

Stofnunin nýtir innkaupakort aðallega til greiðslu flugfargjalda.

5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Stofnunin er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu og ekki heldur skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

Innistæður á bankareikningi voru 9,2 m.kr. í árslok 2016 eða 3% af fjárheimild ársins. Ríkisendurskoðun bendir af því tilefni á reglur nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs en skv. 2. gr. er stofnunum gert að endurgreiða til ríkissjóðs það fé er fer umfram 2% af heildarrekstrarfé ársins.

5.1.6 Styrkir

Stofnunin veitti enga almenna styrki samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 2016.

5.1.7 Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir reglulega til eignar á viðskiptareikning stofnunarinnar við ríkissjóð.

5.2 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en að Landmælingar Íslands fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

6 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir Landmælinga Íslands 12,9 m.kr., skuldir voru 3,4 m.kr. og þar af var skuld við ríkissjóð 1,5 m.kr. Bundið eigið fé nam 8,4 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 1,1 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	0	5.145.709	-5.145.709
Skammtímakröfur	3.706.297	9.790.141	-6.083.844
Handbært fé	9.185.215	3.268.006	5.917.209
Eignir alls	12.891.512	18.203.856	5.312.344
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	1.133.776	5.193.268	-4.059.492
Annað eigið fé	8.381.119	8.381.119	0
Ríkissjóður	1.527.722	0	1.527.722
Viðskiptaskuldir	1.848.895	4.629.469	-2.780.574
Eigið fé og skuldir alls	12.891.512	18.203.856	-5.312.344

6.1 Eignir

5.1.1 Skammtímakröfur

Skammtímakröfur námu 3,7 m.kr. í árslok 2016 sem er lækkun um 6,1 frá fyrra ári. Af skammtímakröfum er hæsta krafan vegna útlagðs kostnaðar við erlend verkefni en reikningar voru gerðir í lok árs 2016 og greiddir í byrjun árs 2017. Aðrar kröfur voru einnig gerðar upp eftir atvikum í byrjun árs.

Reikningar eru gerðir í viðskiptakröfukerfi (AR), fjárhagskerfis ríkisins og greiðsluseðlar eru sendir með kröfum. Árið 2016 voru engar viðskiptakröfur afskrifaðar samkvæmt bókhaldi stofnunarinnar.

6.1.2 Handbært fé

Handbært fé nam 9,2 m.kr. í árslok 2016 og var það innistæða á bankareikningum. Samræmi var á milli stöðu bókhalds og staðfesta yfirlita frá banka.

6.2 Eigið fé og skuldir

6.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 1,1 m.kr. á árslok 2016. Staða höfuðstóls lækkaði um 4,1 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur tekjuhalla ársins.

6.2.2 Annað eigið fé

Annað eigið fé er framlag til eignamyndunar, sem nam 8,4 m.kr. í árslok 2016. Staða á þessum lið hefur verið óhreyfð frá árinu 1998. Á þeim tíma sá stofnunin um sölu á landakortum og var

framlagið veitt á móti birgðastöðu. Ekki er lengur um að ræða birgðaskráningu hjá stofnuninni eða birgðir, þar sem samkeppnisrekstur og þar með talin kortasala hefur verið aðskilinn frá öðrum rekstri.

Þar sem staða á framlagslið til eignamyndunar í bókhaldi stofnunarinnar er ekki lengur viðeigandi hefur stofnunin óskað eftir aðstoð umhverfis- og auðlindaráðuneytis við að ná fram leiðréttingu á þessum lið árið 2013.

Ríkisendurskoðun tekur undir tilmæli til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um að gerð verði viðeigandi leiðrétting á framlagi til eignamyndunar, þannig að það hverfi úr bókhaldi stofnunarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins verður þessi liður tekinn til afgreiðslu í tengslum við innleiðingu á nýjum lögum um opinber fjármál og við gerð stofnefnahagsreiknings 2017.

6.2.3 Ríkissjóður

Skuld við Ríkissjóð í árslok 2016 nemur 1,5 m.kr. Þar sem stofnunin á handbært fé á bankareikningum bendir Ríkisendurskoðun á að skuld við ríkissjóð verði gerð upp sem fyrst.

6.2.4 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eða ógreiddir reikningar námu 1,8 m.kr. í árslok 2016 sem er lækkun um 2,8 m.kr. frá fyrra ári. Allir reikningar sem skráðir voru ógreiddir í árslok voru greiddir í upphafi árs 2017.

6.3 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun efnahagsliða.

7 Önnur atriði

7.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Landmælinga Íslands, sem er skýrsla í fjárhagskerfi ríkisins (Orra) var samþykktur af forstöðumanni og fjármálastjóra án fyrirvara.

7.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstöðumanni.

7.3 Lögfræðibréf

Ekki var skoðaður neinn kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2016 í bókhaldi stofnunarinnar og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns m.a. í staðfestingarbréfi stjórnenda voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina. Þess vegna var ekki óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi.

7.4 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Landmælingum Íslands voru undirritaðar.

7.5 Umfang endurskoðunar

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Landmælingum Íslands var undirrituð af ríkisendurskoðanda og settum forstöðumanni Landmælinga Íslands.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Landmælinga Íslands.